


# MAT Á FRAMKVÆMD LAGA

*Skólameistarar, skólastjórar og rektorar  
framhaldsskóla*

1. desember 2014

**ATTENTUS**  
mannauður & ráðgjöf

Árný Elíasdóttir, Arndís Vilhjálm dóttir og  
Sveinborg Hafliðadóttir



Greining þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka skólastjórnendum fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 1. desember 2014

Árný Elíasdóttir, Arndís Vilhjálmisdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir

# Efnisyfirlit

---

Efnisyfirlit .....	1
Töflur .....	2
Samantekt .....	4
1. Samráð um skólastarf .....	5
2. Kröfur um undirbúning og námsárangur við innritun í framhaldsskóla .....	8
3. Sérfræði- og stoðþjónusta .....	10
4. Forvarnir og heilsa .....	19
6. Mat á skólastarfi .....	20
7. Samstarf við ráðuneyti .....	21
6. Annað .....	22
Viðauki I – Spurningalisti netkönnunarinnar .....	26

# TÖFLUR

Tafla 1. Framhaldsskólar sem tóku þátt í könnuninni. ....	4
Tafla 2. Sitja áheyrnarfulltrúar nemenda í skólanefnd? .....	5
Tafla 3. Sitja áheyrnarfulltrúar foreldra í skólanefnd? .....	5
Tafla 4. Er starfandi skólaráð við skólann? .....	5
Tafla 5. Hver var fjöldi kvenna í skólaráði? .....	5
Tafla 6. Hver var fjöldi karla í skólaráði? .....	5
Tafla 7. Eru haldnir skólafundir? .....	5
Tafla 8. Hversu oft eru skólafundir haldnir á skólaári? .....	6
Tafla 9. Hvers vegna ekki? .....	6
Tafla 10. Hve margir almennir kennarafundir voru haldnir á skólaárinu 2013 til 2014? .....	6
Í flestum framhaldsskólum starfar foreldraráð (tafla 11). Fjöldi kvenna í foreldraráði er á bilinu 2-8 konur en karlar voru á bilinu 0-4. Tíðasti fjöldi kvenna er 3 (m = 4.00) en tíðasti fjöldi karla er 2 (m = 1.39) (tafla 12 og 13). .....	7
Tafla 11. Starfar foreldraráð við skólann? .....	7
Tafla 12. Hver er fjöldi kvenna í foreldraráði? .....	7
Tafla 13. Hver er fjöldi karla í foreldraráði? .....	7
Tafla 14. Hefur skólinn gert sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir skólans vef skólans? .....	8
Tafla 15. Hverjar? .....	8
Tafla 16. Birtir skólinn kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir skólans á vef skólans? .....	9
Tafla 17. Stunda nemendur með fötlun nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er? .....	10
Tafla 18. Hvers vegna ekki? .....	10
Tafla 19. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun leshömlunar? .....	10
Tafla 20. Hvers vegna ekki? .....	10
Tafla 21. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að greiningu leshömlunar? .....	11
Tafla 22. Hvers vegna ekki? .....	11
Tafla 23. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að eftirfylgni við nemendur sem greindir eru með leshömlun? .....	11
Tafla 24. Hvers vegna ekki? .....	12
Tafla 25. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun? .....	12
Tafla 26. Hvers vegna ekki? .....	12
Tafla 27. Er nemendum veitt náms- og starfsráðgjöf af viðurkenndum sérfræðingum? .....	12
Tafla 28. Hvernig rækir skólinn skyldur sínar á þessu sviði? .....	13
Tafla 29. Hvers vegna ekki? .....	13
Tafla 30. Gerir skólinn grein fyrir markmiðum og stefnu skólans um náms- og starfsráðgjöf í skólanámskrá? ..	13
Tafla 31. Hvers vegna ekki? .....	13
Tafla 32. Veitir skólinn kennslu í íslensku táknmáli? .....	14
Tafla 33. Hvers vegna ekki? .....	14
Tafla 34. Veitir skólinn kennslu í íslensku punktalettri? .....	14
Tafla 35. Hvers vegna ekki? .....	14
Tafla 36. Er unnin árleg áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda? ....	15
Tafla 37. Er áætlunin hluti af skólanámskrá? .....	15
Tafla 38. Hvers vegna ekki? .....	15
Tafla 39. Er áætlunin birt á vef skólans? .....	16
Tafla 40. Hvers vegna ekki? .....	16
Tafla 41. Er gerð áætlun um framvindu náms nemenda sem eiga við langvarandi veikindi að stríða? .....	16
Tafla 42. Hvers vegna ekki? .....	17
Tafla 43. Hefur skólinn sett sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku? .....	17
Tafla 44. Hvers vegna ekki? .....	17
Tafla 45. Er nemendum með annað móðurmál en íslenska boðin kennsla í íslensku sem öðru máli? .....	17
Tafla 46. Hvers vegna ekki? .....	17
Tafla 47. Er nemendum sem dvalist hafa langdvölum erlendis boðin kennsla í íslensku sem öðru máli? .....	18
Tafla 48. Hvers vegna ekki? .....	18
Tafla 49. Hafa nemendur aðgang að skólasafni? .....	18
Tafla 50. Hvers vegna ekki? .....	18
Tafla 51. Hefur skólinn sett sér forvarnarstefnu sem birt er opinberlega? .....	19
Tafla 52. Hvers vegna ekki? .....	19
Tafla 53. Hefur skólinn markvisst hugað að opinberum manneldismarkmiðum við val á framboði á fæði fyrir nemendur þannig að þeim standi til boða heilnæmt fæði? .....	19

Tafla 54. Hvers vegna ekki? .....	19
Tafla 55. Birtir skólinn upplýsingar um innra mat sitt á vef skólans? .....	20
Tafla 56. Birtir skólinn áætlanir um umbætur í kjölfar innra mats á vef skólans? .....	20
Tafla 57. Hvers vegna ekki? .....	20
Tafla 58. Birtir skólinn gjaldskrá yfir þjónustugjöld sem skólinn innheimtir? .....	20
Tafla 59. Hvers vegna ekki? .....	20
Tafla 60. Hefur skólasamningur skólans við mennta- og menningarmálaráðuneyti nýst sem umgjörð fyrir samræðu við ráðuneytið? .....	21
Tafla 61. Er skólasamningur skólans við ráðuneytið birtur á vef skólans? .....	21
Tafla 62. Hvers vegna ekki? .....	21
Tafla 63. Hvernig eru skólareglur skólans kynntar? Vinsamlega merktu við allt sem við á.....	22
Tafla 64. Annað, hvað? .....	22
Tafla 65. Hvenær voru skólareglur skólans síðast endurskoðaðar? .....	23
Tafla 66. Hvenær voru skólareglur síðast endurskoðaðar? (ef svarmöguleikinn annað var valinn í fyrri spurningu) .....	23
Tafla 67. Gerði skólinn ráðuneytinu grein fyrir framkvæmd skólahalds með ársskýrslu fyrir skólaárið 2013–2014? .....	23
Tafla 68. Hvers vegna ekki? .....	23
Tafla 69. Er ársskýrsla fyrir skólaárið 2013–2014 birt á vef skólans? .....	23
Tafla 70. Hvers vegna ekki? .....	23
Tafla 71. Telur þú þörf á að endurskoða einstök ákvæði laga nr. 92/2008? .....	24
Tafla 72. Hvaða atriði þarfnast endurskoðunar? .....	24
Tafla 73. Annað sem skólameistari vill koma á framfæri og varðar einstök atriði laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla eða reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laganna? .....	24

## SAMANTEKT

---

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum könnunar á innleiðingu og framkvæmd laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Könnunin var unnin af Attentus – mannaúði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í september og október 2014. Markmið hennar var að afla upplýsinga um hvort og hvernig framhaldsskólum hafi tekist að fylgja lögnum eftir í framkvæmd.

Könnunin var send út til skólameistara, skólastjóra og rektora framhaldsskóla í formi netkönnunar. Mikil áhersla var lögð á heimtur frá öllum framhaldsskólum. Svör bárust frá þeim öllum (sjá töflu 1) og svarhlutfall því 100%. Brottfall var auk þess lítið en einungis fáir framhaldsskólar svöruðu ekki öllum spurningum.

Niðurstöður eru settar fram í lýsandi tölum yfir það hvort ákvæðum laga sé fylgt eða ekki. Í opnu spurningunum er kallað eftir frekari skýringum. Svör við þeim fylgja með að mestu leyti eins og þeim var skilað en nöfn einstaklinga og skóla tekin út auk lagfæringa á innsláttar- og stafsetningarvillum. Að beiðni ráðuneytisins eru í þessari skýrslu ekki birt öll svör við opnum spurningum sem lagðar voru fyrir.

Tafla 1. Framhaldsskólar sem tóku þátt í könnuninni.

Borgarholtsskóli	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík
Fisktækniskóli Íslands	Iðnskólinn í Hafnarfirði
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki	Kvennaskólinn í Reykjavík
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Menntaskóli Borgarfjarðar
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Menntaskólinn að Laugarvatni
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Menntaskólinn á Akureyri
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Menntaskólinn á Egilsstöðum
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Menntaskólinn á Ísafirði
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Menntaskólinn á Tröllaskaga
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Menntaskólinn í Kópavogi
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	Menntaskólinn í Reykjavík
Framhaldsskólinn á Húsvík	Menntaskólinn við Hamrahlíð
Framhaldsskólinn á Laugum	Menntaskólinn við Sund
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Tækniskólinn
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Verkmenntaskóli Austurlands
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Verkmenntaskólinn á Akureyri
Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	Verzlunarskóli Íslands

# 1. SAMRÁÐ UM SKÓLASTARF

Í flestum framhaldsskólum sitja áheyrnarfulltrúar bæði nemenda og foreldra í skólanefnd (tafla 2 og 3). Í meirihluta framhaldsskóla var einnig starfandi skólaráð (tafla 4). Í skólaráði voru á bilinu 1-7 konur en karlar voru á bilinu 0-5. Tíðasti fjöldi kvenna var 4 ( $m = 3.71$ ) en tíðasti fjöldi karla er 3 ( $m = 2.77$ ) (tafla 5 og 6).

Tafla 2. Sitja áheyrnarfulltrúar nemenda í skólanefnd?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	30	88,2%	88,2%
	Nei	4	11,8%	11,8%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 3. Sitja áheyrnarfulltrúar foreldra í skólanefnd?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	30	88,2%	88,2%
	Nei	4	11,8%	11,8%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 4. Er starfandi skólaráð við skólann?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	31	91,2%	91,2%
	Nei	3	8,8%	8,8%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 5. Hver var fjöldi kvenna í skólaráði?

Fjöldi kvenna	Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall	
Gild svör	1	2	5,9%	6,5%
	2	2	5,9%	6,5%
	3	8	23,5%	25,8%
	4	13	38,2%	41,9%
	5	4	11,8%	12,9%
	6	1	2,9%	3,2%
	7	1	2,9%	3,2%
	Alls	31	91,2%	100,0%

Tafla 6. Hver var fjöldi karla í skólaráði?

Fjöldi karla	Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall	
Gild svör	0	1	2,9%	3,2%
	1	2	5,9%	6,5%
	2	7	20,6%	22,6%
	3	15	44,1%	48,4%
	4	5	14,7%	16,1%
	5	1	2,9%	3,2%
	Alls	31	91,2%	100,0%

Í öllum framhaldsskólum nema einum eru haldnir skólafundir (tafla 7). Sjá má lýsingar á fjölda skólafunda í töflu 8 og útskýringu á því hvers vegna skólafundir eru ekki haldnir hjá þeim sem svöruðu neitandi í töflu 9.

Tafla 7. Eru haldnir skólafundir?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	33	97,1%	97,1%
	Nei	1	2,9%	2,9%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 8. Hversu oft eru skólafundir haldnir á skólaári?

<b>Athugasemdir</b>
Húsfundir eru u.þ.b. 4 á ári.
Einn á skólaári.
Einu sinni, við upphaf skólaárs.
Minnst tvisvar, mest fjórum sinnum. Þrisvar á síðasta skólaári (þ.e. 20.8.2013, 6.1.2014 og 22.5.2014).
Tvisvar.
Tvisvar með öllum starfsmönnum, tvisvar haldnir opnir fundir með öllum nemendum.
Einn á önn.
Haustönn - í ágúst, september og nóvember.
Vorönn - í janúar, febrúar og mars/apríl auk maí.
1 sinni.
U.þ.b. 5 sinnum.
Einu sinni.
1-2.
4 sinnum. Námið er 1 önn.
2 sinnum.
Einn á ári. Skólafundur var s.l. föstudag. Féll niður í fyrra v/verkfalls.
4 - 5 sinnum.
Skólafundir með öllum starfsmönnum eru að jafnaði tveir á ári, einn á hvorri önn. Kennarafundir eru mánaðarlega að lágmarki, en að jafnaði oftar. Skólafundir (húsping) með nemendum eru a.m.k. mánaðarlega.
2.
Tvisvar en öllum starfsmönnum er einnig boðið að sækja almenna kennarafundi.
Einu sinni til þessa (í febrúar).
1.
1 fundur.
2-3.
6.
Tvisvar á ári, í upphafi hvorrar annar.
10.

Tafla 9. Hvers vegna ekki?

<b>Athugasemdir</b>
Hefur verið til umræðu í skólasamfélaginu okkar. Er á áætlun að bæta úr þessu á yfirstandandi skólaári í tengslum við vinnu vegna nýrrar námskrár.

Fjöldi kennarafunda á árinu 2013-2014 er allt frá 4 fundum upp í 26 fundi. Tíðasti fjöldi er 8 fundir á árinu 2013-2014 ( $m = 10.18$ ) (tafla 10).

Tafla 10. Hve margir almennir kennarafundir voru haldnir á skólaárinu 2013 til 2014?

	Fjöldi funda	Fjöldi skóla	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	4	2	5,9%	5,9%
	5	1	2,9%	2,9%
	7	1	2,9%	2,9%
	8	9	26,5%	26,5%
	9	5	14,7%	14,7%
	10	5	14,7%	14,7%
	11	1	2,9%	2,9%
	12	2	5,9%	5,9%
	13	2	5,9%	5,9%
	15	3	8,8%	8,8%
	17	1	2,9%	2,9%
	24	1	2,9%	2,9%
	26	1	2,9%	2,9%
	Alls	34	100,0%	100,0%



Í flestum framhaldsskólum starfar foreldraráð (tafla 11). Fjöldi kvenna í foreldraráði er á bilinu 2-8 konur en karlar voru á bilinu 0-4. Tíðasti fjöldi kvenna er 3 ( $m = 4.00$ ) en tíðasti fjöldi karla er 2 ( $m = 1.39$ ) (tafla 12 og 13).

Tafla 11. Starfar foreldraráð við skólann?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	28	82,4%	82,4%
	Nei	6	17,6%	17,6%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 12. Hver er fjöldi kvenna í foreldraráði?

	Fjöldi kvenna	Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	2	3	8,8%	10,7%
	3	9	26,5%	32,1%
	4	6	17,6%	21,4%
	5	7	20,6%	25,0%
	6	2	5,9%	7,1%
	8	1	2,9%	3,6%
	Alls	28	82,4%	100,0%

Tafla 13. Hver er fjöldi karla í foreldraráði?

	Fjöldi karla	Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	0	7	20,6%	25,0%
	1	8	23,5%	28,6%
	2	9	26,5%	32,1%
	3	3	8,8%	10,7%
	4	1	2,9%	3,6%
	Alls	28	82,4%	100,0%

## 2. KRÖFUR UM UNDIRBÚNING OG NÁMSÁRANGUR VIÐ INNTRITUN Í FRAMHALDSSKÓLA

Flestir framhaldsskólar gera kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar í skólann og lýsa því í hverju þær felast (tafla 14 og 15). Í flestum tilvikum eru þessar kröfur einnig birtar á vef skólans (tafla 16). Engar nánari lýsingar skiluðu sér frá þeim sem ekki birta kröfur á vef skólans.

Tafla 14. Hefur skólinn gert sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir skólans?

	Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	28	82,4%
	Nei	6	17,6%
	Alls	34	100,0%

Tafla 15. Hverjar?

Athugasemdir
Á bóknámsbrautum 6 í kjarnagreinum, annars 5.
Inntökuskilyrði á stúdents- og iðnbrautir eru 5 í stærðfræði, íslensku og ensku. Þeir sem ekki uppfylla skilyrðin geta skráð sig á almenna braut.
Grunnskólapróf.
Námskröfur og reglur á heimasíðu skólans
Það má lesa um þær á heimasíðu skólans.
Til að innritast á bóknámsbrautir hefur þurft að fá einkunnina 6 í þremur greinum og 5 í tveimur greinum við lok 10. bekkjar. Til að innritast á starfsmenntabrautir hefur þurft að fá einkunnina 5 í tveimur greinum (ensku og íslensku). Þessar reglur giltu þar til í júní 2014. Með nýjustu útgáfu skólanámskrár í júní 2014 voru reglurnar einfaldaðar og eru núna á þessa leið: Allir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða öðru jafngildu námi eiga kost á að hefja nám við skólann. Inntökuskilyrði á námsbrautir, aðrar en almenna námsbraut og starfsbraut, eru að hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunnina 5 eða hærri í íslensku og stærðfræði.
Það voru gerðar ákv. kröfur um einkunnir. Þessu var breytt í síðustu innritun. Aðeins þeir með lægstu einkunnirnar fara nú á almenna braut en aðrir beint á brautir. Síðan þurfa nemendur að uppfylla einkunnaskilyrði til að komast í áfanga. Þeir sem uppfylla ekki skilyrðin taka þá upprifjunaráfanga í ensku, dönsku, stærðfræði og íslensku.
Upplýsingar um inntökuskilyrði má sjá á vef skólans undir námsbrautir.
Sjá námskrá skólans.
Á náttúrufræðibraut ísl 6, stæ 6, ens 5. Á félagsfræðibraut ísl 6, stæ 5, ens 6.
Að nemendur þurfi að ná lágmarksárangri í kjarnagreinum til þess að komast á stúdentsbrautir.
Lágmarkseinkunn 6 í íslensku, ensku og stærðfræði til að innritast á stúdentsbrautir.
Lágmarkseinkunn 4,5 í íslensku, ensku og stærðfræði til að innritast á aðrar brautir, nema almenna námsbraut.
Á starfsnámsbraut geta þeir nemendur innritast er lokið hafa grunnskólaprófum í íslensku og stærðfræði með einkunnina 5 eða hærri.
Nemendur geta innritast á stúdentsprófsbrautir ef þeir hafa lokið grunnskólaprófi með einkunnina 5 eða hærri í öllum kjarnagreinum.
Almenn námsbraut er opin öllum nemendum er lokið hafa grunnskóla eða öðru jafngildu námi.
Þeir nemendur, sem ekki uppfylla ofangreind inntökuskilyrði til inntöku á einstakar námsbrautir eiga kost á að hefja nám á almennri námsbraut.
Lokið grunnskóla og vera helst orðinn 18 ára.
Á bóknámsbrautir þarf eink. 6 í íslensku, ensku og stærðfræði.
Sjá á heimasíðu skólans undir innritun.
Innritunarskilyrði á náttúrufræðibraut eru eftirfarandi: Íslenska 6, enska 5, stærðfræði 6, náttúrufræði 6. Innritunarskilyrði á félagsfræðibraut eru eftirfarandi: Íslenska 6, enska 5, samfélagsgreinar 6, stærðfræði 5.
Ekki með fall, undir 5 í neinni grein.
Raungreinasvið, 6 í stærðfræði.
Almenn braut, fall í einni grein ef meðaleinkunn er um 6.
Krafist er lágmarkseinkunnar við lok grunnskóla í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku inn á málbraut og í sömu námsgreinum nema náttúrufræði kemur í stað dönsku inn á náttúrufræðibraut (sjá nánar á heimasíðu skólans).
Lágmarkseinkunn 6 í þremur námsgreinum og 5 að lágmarki í þeirri fjórðu.
Dæmi: Til að hefja nám á náttúrufræðibraut skulu nemendur hafa þreytt lokapróf grunnskóla í íslensku, ensku, stærðfræði og náttúrufræði. Einkunnir við lok grunnskóla í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði skulu vera 6,0 að lágmarki í hverri námsgrein en 5,0 að lágmarki í ensku.

Inn á stúdentsprófsbrautir eru skilgreindar lágmarkseinkunnir í ensku, íslensku og stærðfræði. Mismunandi eftir brautum.

**6.9.1.2 - Bóknámsbrautir til stúdentsprófs.**

Félagsfræðabraut: Lágmarks grunnskólaeinkunn í íslensku og ensku er 6,0. Lágmarks grunnskólaeinkunn í stærðfræði er 5,0. Tekið er mið af einkunnum í samfélagsgreinum.

Náttúrufræðibraut: Lágmarks grunnskólaeinkunn í stærðfræði og íslensku er 6,0. Lágmarks grunnskólaeinkunn í ensku er 5,0. Tekið er mið af einkunnum í náttúrufræði.

**6.9.1.3. Fag og verknámsbrautir.**

Lágmarks grunnskólaeinkunn í íslensku og stærðfræði er 5,0.

Sjá á heimasíðu skólans – inntökuskilyrði.

6 í isl. ens. stæ.

Misjafnt eftir skólum (brautum). Sjá á heimasíðu skólans.

Lágmarkskröfur gerðar í ensku, íslensku og stærðfræði eftir atvikum.

Sjá á heimasíðu skólans – innritun og inntökuskilyrði.

Engar.

Tafla 16. Birtir skólinn kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir skólans á vef skólans?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	28	82,4%	96,6%
	Nei	1	2,9%	3,4%
	Alls	29	85,3%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	5	14,7%	

### 3. SÉRFRÆÐI- OG STÖÐÞJÓNUSTA

Í flestum framhaldsskólum stunda fatlaðir nemendur nám samhliða öðrum nemendum ef kostur er á (tafla 17). Í þeim tilvikum sem það er ekki voru gefnar skýringar (tafla 18).

Tafla 17. Stunda nemendur með fötlun nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	27	79,4%	93,1%
	Nei	2	5,9%	6,9%
	Alls	29	85,3%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	5	14,7%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 18. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Húsnæði gefur ekki kost á því að nemendur með líkamlega fötlun komist um húsnæðið. Þó hafa nemendur sem eru ekki í hjólastól en glíma við aðra fötlun stundað hér nám.
Ekki eru fatlaðir nemendur við skólann nema þeir sem eru með tímabundna hreyfihömlun (tognun, brot).

Gerð er grein fyrir skimun og greiningu leshömlunar í skólanámskrá í um þriðjungi framhaldsskóla (tafla 19 og 21). Gefnar voru skýringar á því hvers vegna þetta er ekki gert (sjá töflur 20 og 22).

Tafla 19. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun leshömlunar?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	8	23,5%	27,6%
	Nei	21	61,8%	72,4%
	Alls	29	85,3%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	5	14,7%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 20. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Menn geta fengið skimun á lestrarfærni sinni hjá dyslexiuráðgjafa okkar en það er ekki gert við alla nemendur en ef þess er óskað af kennara eða foreldrum.
Við byggjum á gögnum sem fylgja nemendum við innritun og eru afhent á skilafundi á milli skólastiga. Við sendum nemendur frá okkur til skimunar ef grunur vaknar um leshömlun.
Nemendur sem eru með leshömlun eru búin að fara í greiningu í grunnskóla og koma með þau gögn til okkar.
Skólinn treystir frásögnum nemenda og foreldra og gögnum sem þeir koma með úr grunnskólum. Skólinn veitir nemendum með námserfiðleika aðstoð eftir föngum án þess að framkvæma sjálfur neina skimun. Sjá á heimasíðu skóla – móttökuáætlun nemenda með námserfiðleika.
Ekki er skimað í skólanum fyrir leshömlun með skipulögðum hætti.
Því miður höfum við ekki fundið tíma í það, starfandi námsráðgjafi er bara í 30% starfi.
Þetta er komið inn í drög að nýrri skólanámskrá sem fyrirhugað er að taki gildi næsta haust.
Höfum líklega ekki litið á þetta sem markvissa skimun, þó að áhersla hafi verið lögð á að finna þessa nemendur í byrjunaráföngum.
Námsráðgjafi fundar með öllum nýnemum og forráðamönnum þeirra ef við á. Þar eru gefnar upplýsingar um lesskimun. Höfum talið það nægjanlegt.
Tökum fram að nemendum með leshömlun sé hjálpað við verkefni, en athuga ber að þetta eru mest verklegar greinar og fær nemandi þá hjálp sem hann þarf.
Yfirleitt er búið að skima þegar þau koma í framhaldsskóla og gögn fylgja þeim. Ef vandi kemur upp er nemandanum vísað af námsráðgjöfum skólans á viðeigandi sérfræðinga til greiningar.
Það fer engin skimun fram í skólanum.
Nemendur með leshömlun koma langflestir með greiningar í skólann. Þeir sem vaknar grunur um að séu með leshömlun eftir að í skólann er komið þrátt fyrir enga greiningu, eru skimaðir af sérfræðingi sem skólinn hefur samband við eða vísar til. Sá ferill hefur ekki verið skilgreindur á heimasíðunni enn en það þarf að gera.
Námsráðgjafar vísa nemendum með leshamlanir til sérfræðings, langflestir koma með greiningar úr grunnskóla.
Bíður betri tíma.

<b>Skimun leshömlunar á sér stað í grunnskólum.</b>
Skólinn er ekki með skimun fyrir leshömlun en tekur við greiningum frá viðurkenndum fagaðilum.
Skólanámskráin er í vinnslu - það er nýlega farið að leita kerfisbundið að þeim sem glíma við leshömlun.
Skoðum leskunnáttu í fyrstu áföngum íslensku.
Haustið 2013 var ráðinn sérkennari við skólann til að efla sérkennslu, m.a varðandi lestur og lestrargreiningar. Eftirfarandi texti á eftir að koma inn í skólanámskrá en unnið er að uppfærslu hennar:
Skimunarpróf í lestri er lagt fyrir alla nýnema skólans í upphafi skólagöngu, í þeim tilgangi að greina lesfimi/lesskilning nemenda almennt og ekki síður til að finna þá einstaklinga sem þarfnast frekari skoðunar, m.a. vegna leshömlunar. Ábyrgðarmenn framkvæmdarinnar eru sérkennari og umsjónarkennari nýnema hverju sinni.
Námsráðgjafar senda öllum nýnemum póst þar sem kemur fram hvernig staðið er að því.

Tafla 21. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að greiningu leshömlunar?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	9	26,5%	31,0%
	Nei	20	58,8%	69,0%
	Alls	29	85,3%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	5	14,7%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 22. Hvers vegna ekki?

<b>Athugasemdir</b>
Upplýsingar um dyslexíugreiningu eru á heimasíðu skólans og þetta er auglýst á skólaskjánum.
Sama svar og við fyrri spurningu.
Sama svar og síðast, við göngum út frá því að þau séu búin að fara í greiningu enda er það þannig.
Sjá svar við fyrri spurningu. Fólk segir frá erfiðleikum sínum og við einfaldlega trúum því.
Það er ekki skimað fyrir leshömlun.
Sama svar og áðan.
Er í drögum að nýrri skólanámskrá.
Sama svar og áðan.
Námsráðgjafi fundar með öllum nýnemum og forráðamönnum þeirra ef við á. Þar eru gefnar upplýsingar um lesskimun. Höfum talið það nægjanlegt.
Þetta eru að mestu leyti verklegar greinar sem nemandi er þá leiddur í gegnum.
Sama svar og áður.
Engin greining gerð í skólanum - vantar mannskap
Sjá svar við spurningu nr. 15.
Nemendur með allar hamlanir hitta námsráðgjafa og þeir vísa þeim til viðeigandi sérfræðings.
Skólinn stendur ekki sjálfur fyrir skimun.
Skólinn er ekki með skimun fyrir leshömlun en tekur við greiningum frá viðurkenndum fagaðilum.
Sjá svar við fyrri spurningu.
Ekki er gerð krafa um slíkt í almennum hluta aðalnámskrár.
Haustið 2013 var ráðinn sérkennari við skólann til að efla sérkennslu, m.a varðandi lestur og lestrargreiningar. Eftirfarandi texti á eftir að koma inn í skólanámskrá en unnið er að uppfærslu hennar:
Lestrargreiningarpróf (LOGOS) er lagt fyrir þá nemendur sem sýna slaka útkomu á skimunarprófinu. Áður en prófið er lagt fyrir nemendur er haft samband við forráðamenn um samþykki fyrir áframhaldandi greiningu.
Námsráðgjafar senda póst á nemendur með nauðsynlegum upplýsingum.

Í rúmlega helmingi framhaldsskóla er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að eftirfylgni við nemendur með leshömlun (tafla 23). Þar sem það var ekki gert voru gefnar skýringar (tafla 24). Meirihluti framhaldsskóla gerir grein fyrir því hvernig staðið er að stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun (tafla 25). Skýringar frá þeim framhaldsskólum þar sem það er ekki gert má sjá í töflu 26.

Tafla 23. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að eftirfylgni við nemendur sem greindir eru með leshömlun?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	19	55,9%	55,9%
	Nei	15	44,1%	44,1%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 24. Hvers vegna ekki?

<b>Athugasemdir</b>
Dyslexiuráðgjafi kallar á fyrrverandi nemendur sína og fylgir þeim eftir þó svo það komi ekki fram á heimasiðu skólans.
Skólanámskrá er í vinnslu.
Við bendum þeim á leiðir sem þau geta nýtt sér, hjálpartæki, námskeið og slíkt en þar sem greiningin er ekki hjá okkur þá hafa þau væntanlega fengið upplýsingar hjá greiningaraðilanum og sá sér um eftirfylgnina. Við tökum við og reynum að sjá þeim fyrir nauðsynlegum hjálpargögnum.
Sjá svör við fyrri spurningum.
Er í drögum að nýrri skólanámskrá.
Sama svar og áðan.
Námsráðgjafi fundar með öllum nýnemum og forráðamönnum þeirra ef við á. Þar eru gefnar upplýsingar. Höfum talið það nægjanlegt.
Á ekki við skólann.
Skólanámskráin er í endurskoðun.
Úr því þarf að bæta.
Lofum ekki einhverju sem ekki er staðið við.
Sjá fyrri spurningar.
Ekki er gerð krafa um slíkt í almennum hluta aðalnámskrár.
Sama svar og við sp. 15 og 16 en eftirfarandi texti mun koma inn í skólanámskrá: Þegar og ef nemandi/ur greinast með lestrarerfiðleika er forráðamönnum gerð grein fyrir niðurstöðunni. Í framhaldinu er kennurum viðkomandi gefnar upplýsingar um eðli vandans og möguleg/æskileg úrræði. Umsjónarkennari og sérkennari bera ábyrgð á að upplýsa um lestrarvanda nemanda og fylgjast reglulega með gengi nemandans. Í sumum tilfellum er æskilegt að gera áætlun um nám/skipulag/þjálfun nemandans þar sem fram kemur sá stuðningur/áherslur sem þarf meðan á námi hans stendur. Sérkennari og viðkomandi kennarar bera ábyrgð á þeirri áætlanagerð.
Engin sérstök ástæða.

Tafla 25. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	28	82,4%	82,4%
	Nei	6	17,6%	17,6%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 26. Hvers vegna ekki?

<b>Athugasemdir</b>
Námsráðgjafi fundar með öllum nýnemum og forráðamönnum þeirra ef við á. Þar eru gefnar upplýsingar. Höfum talið það nægjanlegt.
Úr því þarf að bæta.
Eitt af því sem biður heildarendurskoðunar.
Sjá fyrri svör enn og aftur.
Eftirfarandi mun koma inn í skólanámskrá þegar endurskoðun á henni lýkur: Stuðningur við nemanda með leshömlun fer eftir eðli vandans hverju sinni. Hljóðbækur, stuðningstímar hjá sérkennara í námsveri og/eða öðrum kennurum, notkun tölva við verkefnavinnu og próftöku, lengri próftími, aðstoð við lestur fyrirmæla, námstæknikennsla, aðlagð og/eða einfaldað námsefni auk sjálfsstyrkingar eru dæmi um úrræði/stuðning sem hægt er að veita nemanda sem greindir hefur verið með leshömlun.
Námsráðgjafar senda nemendum póst í upphafi skólaárs og gera grein fyrir því.

Nemendum er veitt náms- og starfsráðgjöf af viðurkenndum sérfræðingum í flestum framhaldsskólum (tafla 27). Nánari útskýringar er gefnar á því hvernig það er gert (tafla 28) og af hverju það er ekki gert (tafla 29) ef það á við. Flestir framhaldsskólar gera grein fyrir markmiðum og stefnu skólans um náms- og starfsráðgjöf í skólanámskrá (tafla 30). Skýringar þeirra sem ekki gera það má sjá í töflu 31.

Tafla 27. Er nemendum veitt náms- og starfsráðgjöf af viðurkenndum sérfræðingum?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	28	82,4%	84,8%
	Nei	5	14,7%	15,2%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 28. Hvernig rækir skólinn skyldur sínar á þessu sviði?

<b>Athugasemdir</b>
Við erum með tvo frábæra náms- og starfsráðgjafa.
Sjá á heimasíðu skólans – námsráðgjafi.
Við skólann starfar námsráðgjafi í 50% stöðuhlutfalli.
Sjá upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf á heimasíðu skólans.
Við erum með þrjá menntaða námsráðgjafa starfandi við skólann sem sinna þessu.
Skólinn hefur námsráðgjafa með MA gráðu í námsráðgjöf.
Þrjú námsráðgjafar starfa við skólann. Tveir í föstu starfi og einn vegna átaksins NVV.
Við skólann starfa tveir námsráðgjafar.
Með námskeiðum fyrir nemendur, opnir viðtaltímar, sérhæfð ráðgjöf og sértækur stuðningur.
Við skólann eru 2,5 stöðugildi. Sjá nánar á heimasíðu skólans – námsráðgjöf.
Námsráðgjafi býður upp á þessa þjónustu og kynnir hana fyrir nemendum.
Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa við skólann í samtals 1,6 stöðugildi. Til viðbótar við almenna náms- og starfsráðgjöf bjóða þeir upp á margs konar námskeið fyrir nemendur, t.d. um námsaðferðir og kvíðastjórnun.
Náms- og starfsráðgjafi tekur alla nemendur sem byrja nám í einstaklingsviðtöl. Viðtaltímar fyrir nemendur eru í boði auk námskeiða.
Náms og starfsráðgjafi í 100% vinnu.
Tveir námsráðgjafar starfa við skólann í 110% starfi. Auk þess eru tveir námsáfangar sem koma inn á þetta svið, sjá nánar á heimasíðu skólans.
Við skólann er starfandi náms- og starfsráðgjafi í hlutastarfi. Nemendur geta leitað til náms- og starfsráðgjafa með öll sín mál. Nemendur fá aðstoð við skipulagningu á náminu og aðstoð við námsleiðir og hjálp við greiningu á námsörðugleikum.
Sjá á heimasíðu skólans – námsráðgjöf.
Skil ekki spurninguna.
Sjá á heimasíðu skólans.
Er með 3 náms- og starfsráðgjafa í þjónustu við nemendur.
Skólinn starfrækir nemendaþjónustu, sjá á heimasíðu skólans – nemendaþjónusta.
Skólinn hefur sett fram heilsustefnu, sjá á heimasíðu skólans – heilsuskóli.
Sjá heimasíðu skólans – námsráðgjöf
Við skólann starfa tveir menntaðir náms- og starfsráðgjafar.
Með teymi námsráðgjafa sem allir hafa meistarapróf.
Tvær stöður námsráðgjafa.
Við skólann eru starfandi tveir menntaðir náms- og starfsráðgjafar í samtals 100% starfi. Í skólanum er boðið upp á fjölbreytta stöðþjónustu sem getur til dæmis falið í aðstoð við nám í einstakri námsgrein, leiðbeiningum í tengslum við vinnubrögð eða andlega erfiðleika.
Námsráðgjafi skólans sinnir mikilvægu hlutverki á þessu sviði en að auki nýtur skólinn þjónustu sálfræðings [nn]. Þá starfar hjúkrunarfræðingur við skólann sem nemendur geta ávallt leitað til.
Það eru starfandi þrjú námsráðgjafar við skólann í samtals 2,5 stöðugildum.

Tafla 29. Hvers vegna ekki?

<b>Athugasemdir</b>
Því miður er hlutfall námsráðgjafa svo lítið í svo litlum skóla að enginn hefur sótt um sem er með full réttindi.
Ekki fengist menntaður námsráðgjafi.
Námið er ein önn.
Náms- og starfsráðgjafi skólans var kjörinn á Alþingi og annar fékkst ekki eftir auglýsingar.

Tafla 30. Gerir skólinn grein fyrir markmiðum og stefnu skólans um náms- og starfsráðgjöf í skólanámskrá?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	27	79,4%	81,8%
	Nei	6	17,6%	18,2%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 31. Hvers vegna ekki?

<b>Athugasemdir</b>
Þessi stefna er á vef skólans en ekki í hinni eiginlegu skólanámskrá sem er gefin út fyrir hvert skólaár.
Er litillega minnst á þetta í umfjöllun um námsráðgjöf, þarf að bæta við það.
Er í nýrri skólanámskrá sem ekki hefur verið birt en er í vinnslu.
Námsráðgjafar heimsækja alla bekkir nýnema og kynna sig og sitt starf í upphafi vetrar.

Fáir framhaldsskólar veita kennslu í íslensku táknmáli (tafla 32) og enginn í íslensku punktalettri (tafla 34). Skýringar á því af hverju það er ekki gert má sjá í töflum 33 og 35.

Tafla 32. Veitir skólinn kennslu í íslensku táknmáli?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	4	11,8%	12,1%
	Nei	29	85,3%	87,9%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 33. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Við gerum það ef þess er þörf og höfum oft verið með tákn málskennslu, en það er ekki í gangi núna. Líklega vegna þess að ekki hefur verið óskað eftir því.
Við skólann er starfrækt starfsbraut og þar er tákn máll nýtt, en annars hefur ekki komið upp þörf fyrir tákn málskennslu.
Ekki hefur verið eftirspurn eftir því, engir heyrnarlausir/daufir nemendur eru í skólanum.
Í skólanum er enginn nemandi sem notar tákn máll svo ekki hefur verið boðið uppá séráfangu í því, en það er kennt sem val á starfsbraut skólans.
Enginn nemandi sem notar tákn máll hefur sótt um skólavist.
Ekki komið upp eftirspurn.
Það hefur ekki verið eftirspurn eftir því. Þó var fyrir nokkrum árum eitt námskeið í því en það langt síðan.
Höfum ekki þurft að bjóða upp á það þar sem enginn nemandi hefur óskað eftir slíkri þjónustu.
Góð spurning.
Hér er enginn sem þarf á því að halda.
Höfum ekki haft heyrnarlausu í skólanum og erum ekki með þekkinguna til staðar.
Aðrar námsgreinar hafa verið framfar í forgangsröðinni.
Í skólanum eru ekki nemandi sem nota tákn máll og hafa ekki verið. Það er ekki neinn tákn málskennari við skólann. Við höfum ekki unnið neitt að því að ráða inn tákn málskennara til að geta boðið upp á áfangu í tákn máli.
Skólinn er eingöngu 1 önn og er verknámsskóli. Flestir nemendur eru búnir með framhaldsskóla.
Ekki hluti af iðnnámi og lítið um valgreinar innan þess.
Enginn sem hefur þörf fyrir slíka kennslu.
Enginn nemandi sem þarfnast þess þó það séu tveir lögblindir nemendur (10% sjón og 6% sjón).
Vantar kennara og eftirspurn nemenda.
Það hefur ekki verið í boði sem valgrein við skólann.
Ekki hefur verið þörf á tákn málskennslu til þessa. Haustið 2014 er þó verið að nota 'Tákn með tali' í samskiptum við einn nemanda á starfsbraut.
Enginn nemandi hefur haft þörf á slíku.
Ekki eru fjárhagslegar forsendur til þess.
Á ekki við.
Þeir nemendur sem nota tákn máll og til okkar koma hafa lært tákn máll.
Nemendur hafa ekki ennþá þurft á tákn máli að halda í tengslum við nám sitt. Reyndar eru ýmis tæki notuð á starfsbraut fatlaðra.
Skólinn mun bregðast við því ef fyrirsjáanlegt er að nemandi við skólann þurfi slíka þjónustu.
Ekki þörf á því.

Tafla 2. Veitir skólinn kennslu í íslensku punktalettri?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Nei	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 35. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Við erum ekki með blinda nemendur.
Höfum ekki fengið óskir um þetta.
Ekki hefur verið talin þörf á því.
Engin eftirspurn - enginn blindur nemandi er í skólanum.
Enginn nemandi sem notar það.
Enginn nemandi sem notar punktaletur hefur sótt um skólavist.
Ekki reynst þörf á því.
Aldrei verið rætt.



Höfum ekki þurft að bjóða upp á slíka kennslu þar sem ekki hafa komið fram óskir um slíkt.
Aftur góð spurning.
Sama og síðasta svar.
Ekki verið þörf á því ennþá.
Ekki komið ósk um það.
Aðrar námsgreinar hafa verið framar í forgangsröðinni.
Enginn nemandi við skólann notar þetta letur né höfum við kennara. Höfum ekki kannað áhuga á hvort nemandur hafi áhuga á að læra punktaletur.
Skólinn er 1 önn og er verknámsskóli.
Ekki hluti af iðnnámi og lítið um valgreinar innan þess.
Okkur hefur ekki hugkvæmst það.
Engin þörf.
Sjá síðasta svar.
Vantar kennara og eftirspurn nemenda.
Það hefur ekki verið í boði sem valgrein við skólann.
Hvorki talin brýn þörf né eftirspurn.
Ekki hefur verið þörf á slíku til þessa.
Ekki þörf á slíku.
Ekki þörf fyrir þá kennslu.
Ekki eru fjárhagslegar forsendur til þess.
Á ekki við.
Ekki verið þörf.
Ekki þurft á því að halda. Á starfsbraut eru sérstæk úrræði vegna fötlunar ef svo ber undir.
Skólinn mun bregðast við því ef nemandi eða forráðarmenn hans leita eftir þeirri þjónustu.
Ekki þörf á því.

Flestir framhaldsskólar vinna árlega áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda en ekki nema þriðjungur hefur þessa áætlun sem hluta af skólanámsskrá (tafla 36 og 37). Skýringar á því af hverju það er ekki gert má sjá í töflu 38. Fimmtugur framhaldsskóla birtir þessa áætlun á vef sínum (tafla 39) en skýringar þeirra sem ekki gera það má sjá í töflu 40.

Tafla 36. Er unnin árleg áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	26	76,5%	78,8%
	Nei	7	20,6%	21,2%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 37. Er áætlunin hluti af skólanámsskrá?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	10	29,4%	30,3%
	Nei	23	67,6%	69,7%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 38. Hvers vegna ekki?

<b>Athugasemdir</b>
Hún er framkvæmd og send ráðuneyti.
Skólanámsskráin er á netinu og þar sem áætlanir eru einstaklingsbundnar höfum við ekki sett þær þar. Hins vegar er t.d. lýsing á starfsbraut skólans í skólanámsskrá.
Ekki hefur verið talið unnt að gera áætlun fyrr en að lokinni innritun nemenda þegar það er séð hvernig þörfin er fyrir kennsluskiptingu á milli fornámsáfanga og grunnáfanga.
Ný heimasíða var tekin í notkun sl. vor og ekki hefur tekist að uppfæra upplýsingarnar um starfsbraut eins og voru á gömlu síðunni.
Þessi áætlun er unnin um það leyti sem skólastarf hefst á haustönn og eftir áramót en skólanámsskrá er gefin út í maí eða júní.
Hún er einstaklingsbundin.
Það er ekki formleg áætlun. En það er farið yfir þessi mál á hverri önn.
Vegna breytinga á skipulagi málaflokksins.
Höfum ekki komið því í verk.
Ekki verið hugsað fyrir því, verður sett í nýja skólanámsskrá.

Ekki verið hugað að því.
Hún er notuð við áætlunargerð um skipulag kennslu og annarra verkefna.
Kannski hefði verið réttara að svara já, því það er hluti af skólanámskrá að vinna slíka áætlun en hún er ekki birt opinberlega í skólanámskrá. Heldur er einungis aðgengileg hjá námsráðgjafa og þeim sem sinna þeim nemendum sem á stuðning þurfa.
Þetta eru einstaklingsáætlanir sem unnar eru til einnar annar. Það eru almenn ákvæði í skólanámskrá.
Ekki þörf.
Þessi áætlun er unnin í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa við skipulagningu þjónustu þeirra.
Formlegheitin eru gjarnan eftirá.
Áætlunin er einstaklingsbundin og sibreytileg og á ekki heima sem slík í skólanámskrá.
Stuðningur við þá sem þurfa séraðstoð er skipulagður með námsráðgjöfum og stjórnendum. Um er að ræða bæði námskeið sem og einstaklingsstuðning. Sérstíðið að hverjum og einum.
Erum að endurskoða skólanámskrá, sem birt verður á nýrri heimasíðu innan skamms. Verður vonandi þar að finna.
Sjá á heimasíðu skólans undir nám og kennsla, þar er almennt farið yfir stefnu skólans varðandi nám og kennslu en það þarf að skerpa á þessu með áætlunina.
Ekki talin þörf á því.

Tafla 39. Er áætlunin birt á vef skólans?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	7	20,6%	21,2%
	Nei	26	76,5%	78,8%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 40. Hvers vegna ekki?

<b>Athugasemdir</b>
Ekki hefur verið litið svo á á að þess sé þörf.
Sama svar og síðast.
Þessi áætlun hefur aðeins verið unnin vegna vinnu við skipulag náms á önn.
Tímaskortur kennslustjóra starfsbrautar.
Stuðningur við einstaka nemendur er ekki efni til opinberrar birtingar.
Hún er bundin við tiltekna einstaklinga sem í hlut eiga.
Skil ekki spurninguna. Var búin að svara að áætlunin sé ekki til.
Ekki þykir ástæða til að birta slíka áætlun á ytri vef enda felur hún í sér viðkvæmar upplýsingar.
Sjá næstu á undan.
Höfum ekki komið því í verk.
Þarf að ráða bót á því, takk fyrir ábendinguna.
Er ekki til.
Sama svar og áðan.
Við höfum ekki talið að hún ætti erindi við alla.
Þetta eru einstaklingsáætlanir, einkamál hvers nemanda í samstarfi við námsráðgjafa og einstaka kennara.
Get ekki svarað.
Sú þjónusta sem ákveðið er að bjóða upp á er birt á vef skólans.
Sjá fyrri svar. Ef velja þarf milli orða og athafna er hið síðara sett í forgang.
Einstaklingsbundin áætlun og því ekki sett á vefinn.
Námsáætlanir einstakra nemenda eru ekki birtar á vef.
Áætlanir eru einstaklingsmiðaðar og byggja á þörfum hvers nema og eru því trúnaðarmál.
Sjá fyrri svar.
Sjá fyrri svar.
Búið er að hækka stöðugildi námsráðgjafa við skólann frá því í haust og sérkennari var ráðinn við skólann síðasta haust og er þetta liður í því að bæta úr varðandi þessa þætti því fagþekkingu og tíma hefur skort til að uppfylla þetta.
Hún er ekki til.

Í meirihluta framhaldsskóla er gerð áætlun um framvindu náms nemenda sem eiga við langvarandi veikindi að stríða (tafla 41) og þar sem það er ekki gert eru gefnar skýringar (tafla 42).

Tafla 41. Er gerð áætlun um framvindu náms nemenda sem eiga við langvarandi veikindi að stríða?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	26	76,5%	78,8%
	Nei	7	20,6%	21,2%

	Alls	33	97,1%	100,0%
<b>Brottfall</b>	Svarar ekki	1	2,9%	
<b>Alls</b>		34	100,0%	

Tafla 42. Hvers vegna ekki?

#### Athugasemdir

Slíkir nemendur fá stuðning frá námsráðgjafa og umsjónarkennurum og allir nemendur gera námsáætlun. Það er ekki gerð sérstök áætlun vegna langveikra.

Ekki verið þörf á því.

Hefur sjaldan gerst og er metið í hverju tilfelli.

Það er enginn langveikur í skólanum.

Flestir framhaldsskólar hafa sett sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku (tafla 43) og þar sem það er ekki gert eru gefnar skýringar (tafla 44). Þriðjungur framhaldsskóla býður hvorki þessum nemendum né þeim sem hafa dvalist langdvölum erlendis upp á kennslu í íslensku sem öðru máli (tafla 45 og 47). Skýringar á því af hverju þetta er ekki gert má sjá í töflum 46 og 48.

Tafla 43. Hefur skólinn sett sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
<b>Gild svör</b>	Já	29	85,3%	85,3%
	Nei	5	14,7%	14,7%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 44. Hvers vegna ekki?

#### Athugasemdir

Við bjóðum tvo ISA áfanga og bjóðum nemendum af erlendu bergi að taka þá hins vegar erum við með fáa slíka nema, þá ekki í hverfinu.

Ný námskrá - ekki unnist tími, en við endurskoðun 2014/2015 mun þetta verða gert.

Höfum ekki komið því í verk.

Vegna smæðar skólans, þó hafa verið hér nemendur frá Norðurlöndunum og Englandi.

Hvert tilfelli leyst sérstaklega.

Tafla 45. Er nemendum með annað móðurmál en íslenska boðin kennsla í íslensku sem öðru máli?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
<b>Gild svör</b>	Já	23	67,6%	67,6%
	Nei	11	32,4%	32,4%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 46. Hvers vegna ekki?

#### Athugasemdir

Það hefur aldrei verið farið fram á það.

Við höfum ekki fjöldann, en af og til er boðið upp á áfanga fyrir slíka nemendur. Síðast á vorönn 2014.

Höfum ekki haft nema tvo nemendur auk skiptinema.

Íslenska og önnur tungumál eru ekki kennd við skólann. Þó eru nemendur leiðréttir í tali og öðru því sem viðkemur íslenskri málnotkun daglega.

Ekki hefur verið þörf á því í skólanum. Nemendum býðst aukakennsla eftir ábendingum íslenskukennara.

Það er enginn nemandi við skólann nú í þeirri stöðu. Höfum verið með nemendur með íslensku sem annað mál, þeir fengu mikinn stuðning skólans við heimanám og einnig var undanþáguákvæðum beitt vegna framgangs náms þeirra.

Þeim er boðin aðstoð við íslenskunám.

Aðeins hafa komið tvítýngdir nemendur í skólann og höfum við boðið þeim nemendum sérstaka stóðtíma til að aðstoða þá með nám og tekið er tillit til þess við námsmat í íslensku.

Skólinn býður sérstaka áfanga í íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og koma þeir í stað almennra íslenskuáfanga.

Hefur aldrei reynt á það né verið þörf fyrir það.

Tafla 47. Er nemendum sem dvalist hafa langdvölum erlendis boðin kennsla í íslensku sem öðru máli?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	22	64,7%	64,7%
	Nei	12	35,3%	35,3%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 48. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Ekki reynt á það.
Ekki hefur verið óskað eftir því og þeir fáu nemendur sem hafa tekið íslensku eftir langtímadvöl erlendis hefur gengið vel.
Við höfum ekki fjöldann, en af til er boðið upp á áfanga fyrir slíka nemendur. Síðast á vorönn 2014.
Hefur ekki reynt á það.
Hefur ekki reynt á það.
Íslenska ekki kennd við skólann.
Ekki komið upp sem vandamál.
Sama svar og áður.
Hér gildir sama og í síðustu spurningu. Þessum nemendum hefur verið boðið að meta tungumálanám þeirra, t.d. í dönsku eða þriðja máli.
Þeim er boðin sérstök íslenskukennara í ÍSA áföngum.
Hefur aldrei komið upp.

Í flestum tilvikum hafa nemendur aðgang að skólasafni (tafla 49). Þar sem því verður ekki komið við eru gefnar útskýringar (tafla 50).

Tafla 49. Hafa nemendur aðgang að skólasafni?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	31	91,2%	93,9%
	Nei	2	5,9%	6,1%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 50. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Nemendur hafa aðgang að bókasöfnum þeirra sveitarfélaga sem standa að skólanum.
Skólinn hóf starfsemi 2009 í mjög þröngu húsnæði sem ekki var pláss fyrir skólasafn. Skólinn flutti í nýtt húsnæði í byrjun 2014 og skólasafn hefur ekki hafið starfsemi vegna fjárskortis. Frá upphafi hefur skólinn verið í góðu samstarfi við Bókasafn bæjarins og heldur því áfram þar til tekst að koma starfsemi skólasafns í gang.

## 4. FORVARNIR OG HEILSA

Flestir skólar hafa sett sér forvarnarstefnu sem birt er opinberlega (tafla 51). Skýringar þeirra sem ekki hafa gert það má sjá í töflu 52. Nánast allir skólar huga að manndismarkmiðum við val á framboði á fæði fyrir nemendur (tafla 53) og skýringar þeirra sem ekki hafa gert það má sjá í töflu 54.

Tafla 51. Hefur skólinn sett sér forvarnarstefnu sem birt er opinberlega?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	31	91,2%	91,2%
	Nei	3	8,8%	8,8%
	Alls	34	100,0%	100,0%

Tafla 52. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Fram til upphafs haustannar 2014 hafði skólinn samstarf við kaupstaðinn í forvarnarmálum og því ekki eigin sjálfstæða forvarnarstefnu. Þetta breyttist nú í lok ágúst 2014 þegar skólinn réð forvarnarfulltrúa. Í samráði við hann verður mótuð sjálfstæð forvarnarstefna byggð á stefnu skólans í heilbrigðismálum og félagsmálum nemenda (sjá nánar á heimasíðu skólans)
Hún er ekki birt í heild á einum stað, en í skólanámskrá og starfsáætlunum er gerð grein fyrir forvarnarstefnunni.
Vinna við forvarnir varð útundan á niðurskurðartímum.

Tafla 53. Hefur skólinn markvisst hugað að opinberum manndismarkmiðum við val á framboði á fæði fyrir nemendur þannig að þeim standi til boða heilnæmt fæði?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	32	94,1%	97,0%
	Nei	1	2,9%	3,0%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 54. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Í skólanum er ekki starfrækt mótuneyti.

## 6. MAT Á SKÓLASTARFI

Nánast allir skólar birta upplýsingar um innra mat sitt á vef skólans (tafla 55). Meirihluti þeirra birtir einnig áætlanir um umbætur í kjölfar innra mats á vef skólans (tafla 56). Skýringar þeirra sem ekki gera það má sjá í töflu 57.

Tafla 55. Birtir skólinn upplýsingar um innra mat sitt á vef skólans?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 56. Birtir skólinn áætlanir um umbætur í kjölfar innra mats á vef skólans?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	26	76,5%	78,8%
	Nei	7	20,6%	21,2%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 57. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Sjálfsmatsskýrslur hafa ekki verið settar á vefinn. Úr því þarf að bæta.
Hefur ekki verið ljóst að það ætti að gera.
Í kaflanum um sjálfsmat kemur fram að umbætur í einstökum atriðum eru metin í næstu könnun.
Gerð var athugasemd um þetta atriði í vor á skólasamningafundi í menntamálaráðuneyti og í næstu sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2013-14 verður bætt úr þessu.
Umbótaáætlanir koma fram í sjálfsmatsskýrslum.
Hefur ekki komist í verk.

Flestir skólar birta gjaldskrá yfir þjónustugjöld sem skólinn innheimtir (tafla 58). Skýringar þeirra sem ekki gera það má sjá í töflu 59.

Tafla 58. Birtir skólinn gjaldskrá yfir þjónustugjöld sem skólinn innheimtir?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	31	91,2%	93,9%
	Nei	2	5,9%	6,1%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 59. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Ekki á netinu en liggur fyrir á skrifstofu skólans. Var reynt að hafa á netinu en það gleymdist að uppfæra við breytingar.
Nemendur borga skólagjöld sem þau fá upplýsingar um. Að öðru leyti eru engin gjöld innheimt.

## 7. SAMSTARF VIÐ RÁÐUNEYTI

Meirihluti framhaldsskóla telur að skólasamningur skólans við mennta- og menningarmálaráðuneyti hafi nýst sem umgjörð fyrir samræðu við ráðuneytið (tafla 60). Flestir framhaldsskólar birta skólasamning sinn við ráðuneytið á vef skólans (tafla 61). Athugasemdir þeirra sem ekki gera það má sjá í töflu 62.

Tafla 60. Hefur skólasamningur skólans við mennta- og menningarmálaráðuneyti nýst sem umgjörð fyrir samræðu við ráðuneytið?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	29	85,3%	87,9%
	Nei	4	11,8%	12,1%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 61. Er skólasamningur skólans við ráðuneytið birtur á vef skólans?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	31	91,2%	93,9%
	Nei	2	5,9%	6,1%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 62. Hvers vegna ekki?

### Athugasemdir

Erum í samningaviðræðum, þegar því er lokið verður samningurinn settur inn.

## 6. ANNAÐ

Yfirlit yfir það hvernig skólareglur skólans eru kynntar má sjá í töflu 63. Í flestum tilvikum er það gert í umsjónartímum en í fæstum tilvikum á skólafundum. Lýsingu á öðrum leiðum til kynningar á skólareglum má sjá í töflu 64. Flestir framhaldsskólar endurskoðuðu skólareglur sínar skólaárið 2013-2014. Fæstir skólar endurskoðuðu skólareglur síðast skólaárið 2012-2013 (tafla 65). Útskýringar þeirra sem ekki hafa endurskoðað skólareglur sínar síðustu tvö ár má sjá í töflu 66.

Tafla 63. Hvernig eru skólareglur skólans kynntar? Vinsamlega merktu við allt sem við á.

Á foreldrafundi.			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	30	88,2%
	Ekki merkt við	4	11,8%
Alls		34	100,0%
Á nýnemafundi.			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	29	85,3%
	Ekki merkt við	5	14,7%
Alls		34	100,0%
Á nemendafundi.			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	20	58,8%
	Ekki merkt við	14	41,2%
Alls		34	100,0%
Á skólafundi.			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	18	52,9%
	Ekki merkt við	16	47,1%
Alls		34	100,0%
Í umsjónartímum.			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	31	91,2%
	Ekki merkt við	3	8,8%
Alls		34	100,0%

Tafla 64. Annað, hvað?

<b>Athugasemdir</b>
Einstökum nemendum þegar þurfa þykir.
Á vefsíðu skólans.
Á heimasíðu.
Þær hanga uppi viðsvegar um skólann.
Með tölvupósti til forráðamanna.
Í viðtölum við nemendur og forráðamenn þeirra.
Á heimasíðu og í bæklingum sem nýnemar og foreldrar fá. Þær hanga einnig uppi í öllum stofum.
Á vefsíðum m.m.
Sendar á pappír á lögheimili nemenda.
Í kynningarbæklingi.
Í áfanganum NÝNE1NÝ01 hjá nýnemum.
Á skólaráðsfundi, með heimsóknum í bekki, viðtölum við einstaka nemendur, þ.e eftir því sem þurfa þykir. Rækilega kynntar og eftirfylgni góð.
Á vef skólans.
Vísað til reglna á vef skólans og reglur kynntar í lífsleikniáföngum.
Fundum rektors með nýnemum, í bekkjum og víða um skólann.
Á heimasíðu skólans.



Tafla 65. Hvenær voru skólareglur skólans síðast endurskoðaðar?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Skólaárið 2012-2013	5	14,7%	15,2%
	Skólaárið 2013-2014	22	64,7%	66,7%
	Annað	6	17,6%	18,2%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 66. Hvenær voru skólareglur síðast endurskoðaðar? (ef svarmöguleikinn annað var valinn í fyrri spurningu)

Athugasemdir
Pegar ástæða er til, skólanámskráin er lifandi plagg.
Þær eru í endurskoðun, voru í ferli 2012 en strönduðu á lögfræðilegum þáttum.
Einstaka reglur skólans eru í stöðugri endurskoðun meðan aðrar eru endurskoðaðar eftir efnun og ástæðum.
Á skólafundi í júní 2014.
Skólareglur ekki endurskoðaðar allar í einu. Heimavistarreglur t.d. endursk. 2008 og skólasóknarreglur 2012. Í skólareglum kemur venjulega fram hvenær þær voru síðast endurskoðaðar.
Skólareglur eru í endurskoðun á þessum vetri og hluti þeirra var endurskoðaður síðastliðinn vetur, þ.e skólasóknarhlutinn.

Flestir framhaldsskólar gerðu ráðuneytinu grein fyrir framkvæmd skólahalds með ársskýrslu fyrir skólaár 2013–2014 (tafla 67). Þeir sem ekki gerðu það gefa á því útskýringar (tafla 68). Ársskýrsla er ekki birt á vef skólans í um þriðjung tilvika (tafla 67). Ástæður þess má sjá í töflu 70.

Tafla 67. Gerði skólinn ráðuneytinu grein fyrir framkvæmd skólahalds með ársskýrslu fyrir skólaárið 2013–2014?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	30	88,2%	90,9%
	Nei	3	8,8%	9,1%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 68. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Ársskýrslan er bundin við almannaksár. Þannig að það liggur fyrir ársskýrsla 2013.
Skólinn gerir árlega grein fyrir framkvæmd skólahalds með ársskýrslu en hún er fyrir almannaksárið, síðasta skýrsla var fyrir árið 2013.

Tafla 69. Er ársskýrsla fyrir skólaárið 2013–2014 birt á vef skólans?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	22	64,7%	66,7%
	Nei	11	32,4%	33,3%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 70. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Skýrsla er ekki til en ársskýrsla 2013 er á vef skólans.
Ársskýrslur eru ekki fyrir skólaár heldur almannaksár. Síðasta skýrsla var fyrir árið 2013.
Hreinlega gleymdist - verður sett inn á eftir.
Ekki komin inn, ég bæti úr því.
Farist fyrir.
Verið er að vinna í því.

<b>Sjálfsgagt framkvæmdaleyssi.</b>
Hún hefur ekki enn verið send inn því frestur er ekki liðinn. Hægt er að skoða skýrslur fyrri ára á heimasíðu skólans.
Hún kemur í haust.
Er í burðarliðnum.

Framhaldsskólar voru spurðir um hvort þeir teldu þörf á að endurskoða einstök ákvæði laga nr. 92/2008. Svör skiptust nánast jafnt (tafla 71). Yfirlit yfir þau atriði sem talið er að þarfnast endurskoðunar má sjá í töflu 72. Að lokum var gefinn kostur á að koma öðrum athugasemdum á framfæri er varða lög nr. 92/2008 eða reglugerðir þeim tengdum (sjá töflu 73).

Tafla 71. Telur þú þörf á að endurskoða einstök ákvæði laga nr. 92/2008?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	15	44,1%	45,5%
	Nei	18	52,9%	54,5%
	Alls	33	97,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	1	2,9%	
Alls		34	100,0%	

Tafla 72. Hvaða atriði þarfnast endurskoðunar?

<b>Athugasemdir</b>
Lögin endurspegla ekki raunveruleikann, margt sem er ekki framkvæmt í raun.
Réttur nemenda til náms við hæfi. Fræðsluskylda til 18 ára aldurs.
Það er alltaf gott að endurskoða hlutina reglulega. Helst mætti fara að skoða það sem segir um starfsnámið, starfsgreinaráð, fagráð, starfsgreinanefndir, vinnustaðanám.
Engin sem ég veit um.
Þetta er erfð spurning en víst er að öll lög þarfnast endurskoðunar af og til. Mér er svolítið hugleikinn kaflinn varðandi sérþarfir. Mér er ekki kunnugt um að skólar almennt skimi fyrir lesblindu. Auðvitað er heilmikið prógram um lesblinda og mikil aðstoð veitt. Hætt er við að kostnaður við þessa þjónustu gæti verið of mikill. Ég skil skimun þannig að allir nemendur séu prófaðir. Auðvitað eru kennarar vakandi yfir slíkum vandamálum og er uppálagt að láta okkur vita en yfirleitt er lesblinda komin upp í grunnskólanum og þær upplýsingar koma til okkar. Sérstök skimun fer ekki fram.
T.d. um hlutverk skólanefnda. Tel að það fyrirbæri sé úrelt og oft veljast í skólanefndir einstaklingar sem ekki hafa neina þekkingu á skólamállum. Ennfremur þar að skilgreina betur það sem er kallað viðbótarnám við framhaldsskóla. Í lögum er kveðið á um að meta megi slíkt nám til háskólaeininga en þetta hefur því miður ekki haft neitt vægi gagnvart háskólunum og námið ekki metið þrátt fyrir að það uppfylli skilyrði laganna.
Það þarf að skýra ýmsar greinar, t.d. um lokapróf sem og námskrár og skýra hugtök og stöðu aðila.
Um starfsgreinaráð.
28. gr um vinnustaðanám.
Samræmd próf þarf að setja á í framhaldsskólum.
Tilgreina þyrfti í lögum að sú þjónusta sem er í boði sé háð fjárveitingum til skólans til að gera honum kleift að sinna henni.
Námskráin er einum of dreifstýrð og eftirlit ómarkvisst.
Um starfsbrautir.
Gr. 24 um starfsgreinaráð, gr. 28 um vinnustaðanám og gr. 45. um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla.
Alltaf þörf á endurskoðun á fátta ára fresti. Hlutir og aðstæður eru fljótur að breytast.

Tafla 73. Annað sem skólameistari vill koma á framfæri og varðar einstök atriði laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla eða reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laganna?

<b>Athugasemdir</b>
Að menn standi við orð sín og innleiði lögin frá 2008 haustið 2015.
Framhaldsskólar þurfa meira fjármagn ef þeir eiga að uppfylla lögin.
Reglugerð um sérkennslu.
Ágæt könnun en fullöng. Lögin þarfnast nokkurra ára aðlögunar því það er margt í þeim sem þarf að laga skólastarfið að. Fjármagn hamlar því að hægt sé að fullvinna ýmsa þætti laganna, þ.m.t. námsframboð.
Nei.
Lögin eru fín en reglugerðir hafa komið seint fram og aðalnámskrá kom seint og í henni er of margt óljóst og sumt skelfilegt rugl. Verst er hvað reglur um hvernig skólar mega ákveða áfanga- og brautalýsingar eru ruglingslegar. Nú, meira en sex árum eftir setningu laganna er t.d. enn ekki ljóst hvernig iðnbrautir mega líta út. Ekki er heldur ljóst hvað bóknámsbrautir mega vera margar einingar. Námskrárgrunnur er líka gallagripur.

Mikilvægt er að samræmi sé milli fjárveitinga annars vegar og laga- og reglugerðarákvæða hins vegar. Lögín eru of dýr miðað við núgildandi fjárframlög.
Það vantar upp á að skólum sé tryggt nægilegt fé til að hægt sé að uppfylla öll ákvæði laga og reglugerða um framhaldsskóla.
Tel að það þurfi að endurskoða skipan í starfsgreinaráðin, sjá: <a href="http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/711-2009">http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/711-2009</a>
Mikilvægt að endurskoða lög um frumgreinanám sem falla undir ákvæði laga nr. 63/2006 um háskóla. Slikt nám ætti að falla undir lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla og lúta sömu lögmálum.
Ennfremur ætti frumgreinanám aðeins að vera fyrir nemendur eldri en 25 ára þar sem háskólarnir sem bjóða upp á slíkt nám eru að seilast inn á starfssvið framhaldsskólanna.
Það er verulega til vansa að sjö ára gömul löggjöf sé ekki enn komin til framkvæmda, m.a. vegna þverýðgi og fastheldni stéttarfélags og íhaldssamra skóla.
Ekkert sem ég man eftir.
Óttast skrifræðið og vinnumagnið við sumar hugmyndir í vinnumati kennara, en ætla ekki að dæma þær fyrirfram. Þ.e. ef það á að meta vinnuna við hvern einasta áfanga á hverri önn.
Vantar eftirfylgni með því að gerðar verði brautarlýsingar fyrir starfsnám.
Nei.
Lögín eru fin.
Endurskoða þarf starfsmannalög ríkisins.
Að hrinda lögunum í framkvæmd.
Í samstarfi við [nn] [nn] hefur nemendum skólans boðist þjónusta hjúkrunarfræðings á hverjum degi. Þetta tilraunaverkefni sem hefur verið í gangi síðasta áratug hefur sýnt að mikil þörf er á þessari þjónustu.
Ákvæði um ýmsa sérþjónustu verða í reynd marklítill vegna skorts á fjármagni.
Hreinsa þarf tafarlaust út úreltar reglugerðir fyrri laga. Klára þarf að setja reglugerðir sem lögín kveða á um. Endurskoða þarf lögín hvað varðar rekstur mótuneyta og heimavista og koma rekstargrundvelli mótuneyta og heimavista á hreint. Setja þarf skýrari ramma utan um samstarf heilsugæslu og skóla.
Skipan aðstoðarstjórnenda
Mikilvægt er að lögín frá 2008 komi að fullu til framkvæmda en enn eru margir þættir þeirra laga sem ekki hafa öðlast gildi.
Væri fint ef lögín næðu að taka gildi áður en þau fara í heildarendurskoðun. Þetta er hálgert klúður á framkvæmdinni því lögín eru í sjálfu sér góð og mikil framför.
Nauðsynlegt að koma lögunum að fullu í framkvæmd.
Nei, ekki að svo stöddu.
Vil koma því á framfæri að skólameistari er meðvitaður um það að skólinn þarf að gera betur í því að uppfylla reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum. Í þeirri viðleitni hefur verið ráðinn sérkennari við skólann (haustið 2013) og starfshlutfall námsráðgjafa aukið um 25% eða úr 75% í 100% (haustið 2014). Ljóst er að þetta kostar skólann talsverða fjármuni en er nauðsynlegt til þess að uppfylla að fullu allt sem að þessu snýr í lögunum frá 2008 og síðari reglugerðum. Það er því ljóst að það verður mjög fjárhagslega íþyngjandi fyrir skólann að uppfylla áður nefnda reglugerð betur, en nú er en ekki annað í boði enda krefst það faglegrar þekkingar og vinnu. Samhliða áður nefndum ráðningum á fagfólki mun sjálfsmatsnefnd skólans í samvinnu við skólameistara endurskoða skólanámsskrá skólans á skólaárinu.

## VIÐAUKI I – SPURNINGALISTI NETKÖNNUNARINNAR

---

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið Attentus – mannaúði og ráðgjöf ehf. að gera kannanir meðal sveitarfélaga og skóla um innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla nr. 90/2008, grunnskóla nr. 91/2008 og framhaldsskóla nr. 92/2008.

Kannanirnar verða sendar sveitarfélögum og skólum í ágúst, september og október nk. og stefnt er að því að skýrslur með niðurstöðum liggi fyrir í nóvember 2014. Niðurstöður verða teknar saman og settar fram í skýrslum sem sendar verða sveitarfélögum, skólum og ýmsum hagsmunaaðilum. Þær verða birtar verður á vef ráðuneytisins en að auki fær mennta- og menningarmálaráðuneytið gagnaskrá þar sem hægt verður að rekja svör til einstakra sveitarfélaga og skóla.

Biðjum við þig vinsamlegast að svara könnuninni við allra fyrsta tækifæri og eigi síðar en 12. september nk. Vinsamlegast athugið að lesa vel spurningarnar þar sem sumar þeirra eru keimlíkar en vísa í mismunandi þætti. Við hvetjum þig til þess að skoða spurningalistann í heild sinni áður en byrjað er að svara könnuninni þar sem oft getur þurft að leita gagna. Hér er hægt að sjá spurningalistann í heild sinni.

Hafir þú einhverjar spurningar eða athugasemdir við framkvæmd könnunarinnar geturðu haft samband við Sveinborgu Hafliðadóttur ([sveinborg@attentus.is](mailto:sveinborg@attentus.is)).

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna,

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

1. Fyrir hvaða framhaldsskóla svarar þú þessari könnun?

2. Sitja áheymarfulltrúar nemenda í skólanefnd?

1. Já
2. Nei

3. Sitja áheymarfulltrúar foreldra í skólanefnd?

1. Já
2. Nei

4. Er starfandi skólaráð við skólann?

1. Já
2. Nei

5. Hver var fjöldi kvenna í skólaráði?

6. Hver var fjöldi karla í skólaráði?

7. Eru haldnir skólafundir?

1. Já
2. Nei

8. Hversu oft eru skólafundir haldnir á skólaári?

9. Hvers vegna ekki?

10. Hve margir almennir kennarafundir voru haldnir á skólaárinu 2013 til 2014?

11. Starfar foreldraráð við skólann?

1. Já
2. Nei

12. Hver er fjöldi kvenna í foreldraráði?

13. Hver er fjöldi karla í foreldraráði?

14. Hefur skólinn gert sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir skólans?

1. Já
2. Nei

15. Hverjar?

16. Birtir skólinn kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir skólans vef skólans?

1. Já
2. Nei

17. Vinsamlega gefðu upp vefslóð?

18. Hvers vegna ekki?

19. Stunda nemendur með fötlun nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er?

1. Já
2. Nei

20. Hvers vegna ekki?

21. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun leshömlunar?

1. Já
2. Nei

22. Hvers vegna ekki?

23. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að greiningu leshömlunar?

1. Já
2. Nei

24. Hvers vegna ekki?

25. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að eftirfylgni viðnemendur sem greindir eru með leshömlun?

1. Já
2. Nei

26. Hvers vegna ekki?

27. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun?

1. Já
2. Nei

28. Hvers vegna ekki?

29. Hefur skólinn sett sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku?

1. Já
2. Nei

30. Vinsamlega gefðu upp vefslóð móttökuáætlunarinnar:

31. Hvers vegna ekki?

32. Er nemendum með annað móðurmál en íslenska boðin kennsla í íslensku sem öðru máli?

1. Já
2. Nei

33. Hvers vegna ekki?

34. Er nemendum sem dvalist hafa langdvölum erlendis boðin kennsla í íslensku sem öðru máli?

1. Já
2. Nei

35. Hvers vegna ekki?



36. Hefur skólinn sett sér forvarnarstefnu sem birt er opinberlega?

1. Já
2. Nei

37. Vinsamlega gefðu upp vefslóð:

38. Hvers vegna ekki?

39. Hefur skólinn markvisst hugað að opinberum manneldismarkmiðum við val á framboði á fæði fyrir nemendur þannig að þeim standi til boða heilnæmt fæði?

1. Já
2. Nei

40. Hvers vegna ekki?

41. Er nemendum veitt náms- og starfsráðgjöf af viðurkenndum sérfræðingum?

1. Já
2. Nei

42. Hvernig rækir skólinn skyldur sínar á þessu sviði?

43. Hvers vegna ekki?

44. Gerir skólinn grein fyrir markmiðum og stefnu skólans um náms- og starfsráðgjöf í skólanámskrá?

1. Já
2. Nei

45. Hvers vegna ekki?

46. Birtir skólinn upplýsingar um innra mat sitt á vef skólans?

1. Já
2. Nei

47. Vinsamlega gefðu upp vefslóð:

48. Hvers vegna ekki?

49. Birtir skólinn áætlanir um umbætur í kjölfar innra mats á vef skólans?

1. Já
2. Nei

50. Vinsamlega gefðu upp vefslóð:

51. Hvers vegna ekki?

52. Birtir skólinn gjaldskrá yfir þjónustugjöld sem skólinn innheimtir?

1. Já
2. Nei

53. Vinsamlega gefðu upp vefslóð:

54. Hvers vegna ekki?

55. Hefur skólasamningur skólans við mennta- og menningarmálaráðuneyti nýst sem umgjörð fyrir samræðu við ráðuneytið?

1. Já
2. Nei

56. Hvers vegna ekki?

57. Er skólasamningur skólans við ráðuneytið birtur á vef skólans?

1. Já
2. Nei

58. Vinsamlega gefðu upp vefslóð:

59. Hvers vegna ekki?

60. Veitir skólinn kennslu í íslensku táknmáli?

1. Já
2. Nei

61. Hvers vegna ekki?

62. Veitir skólinn kennslu í íslensku punktalettri?

1. Já
2. Nei

63. Hvers vegna ekki?

64. Er unnin árleg áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda?

1. Já
2. Nei

65. Er áætlunin hluti af skólanámskrá?

1. Já
2. Nei

66. Hvers vegna ekki?

67. Er áætlunin birt á vef skólans?

1. Já
2. Nei

68. Hvers vegna ekki?

69. Er gerð áætlun um framvindu náms nemenda sem eiga við langvarandi veikindi að stríða?

1. Já
2. Nei

70. Hvers vegna ekki?

71. Hvernig eru skólareglur skólans kynntar? Vinsamlega merktu við allt sem við á.

1. Á foreldrafundi
2. Á nýnemafundi
3. Á nemendafundi
4. Á skólafundi
5. Í umsjónartímum
6. Annað

72. Hvenær voru skólareglur skólans síðast endurskoðaðar?

1. Skólaárið 2012–2013
2. Skólaárið 2013–2014
3. Annað

73. Hvenær voru skólareglur síðast endurskoðaðar?

74. Hvar eru skólareglur skólans aðgengilegar? Ef skólareglurnar eru að finna á vef skólans, vinsamlegast skráðu slóð:

75. Hafa nemendur aðgang að skólasafni?

1. Já
2. Nei

76. Hvers vegna ekki?

77. Gerði skólinn ráðuneytinu grein fyrir framkvæmd skólahalds með ársskýrslu fyrir skólaár 2013–2014?

1. Já
2. Nei

78. Hvers vegna ekki?

79. Er ársskýrsla fyrir skólaárið 2013–2014 birt á vef skólans?

1. Já
2. Nei

80. Vinsamlega gefðu upp vefslóð:

81. Hvers vegna ekki?

82. Telur þú þörf á að endurskoða einstök ákvæði laga nr. 92/2008?

1. Já
2. Nei

83. Hvaða atriði þarfnast endurskoðunar?

84. Annað sem skólameistari vill koma á framfæri og varðar einstök atriði laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla eða reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laganna?